

Akureyri

Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags Holtahverfis Akureyri



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.
Febrúar 2016

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Skipulagsákvæði Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030.....	7
Deiliskipulag Holtahverfis norður.....	8
Skráningarsvæðið	9
Niðurstöður.....	15
Samantekt á niðurstöðum:	16
Heimildaskrá:	19
Kort sem sýnir fornleifar á svæðinu.....	20

Inngangur

Fornleifaskráning Holtahverfis í landi Bandagerðis Akureyri fór fram í september 2017 og febrúar 2018 að beiðni sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar vegna tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og deiliskipulags Holtahverfis. Katrín Gunnarsdóttir fornleiffræðingur MA sá um skráningu, vettvangsskoðun og skýrslugerð.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar:

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Lög um menningarminjar. Í 1. grein minjalaga segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem

unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Lög nr. 80 29. júní 2012.¹

Aðferð við skráningu

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafan, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða, og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar og hefur númerið 1918 og að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu (1998) og er því texti viðkomandi skráðar fornleifar ásamt númeri jarðar látinn fylgja með í þessari nýju skráningu, sem eins og fyrr segir hefur skráningar númerið 1918 frá Minjastofnun Íslands,

Númerið fyrir er Bandagerði er Ey. 294 það er skráð eftir Jarðatali Johnsens frá 1847² og síðan fá fornleifar hlaupandi númer innan svæðis.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hýbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hveru mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda,

¹ Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).¹ Lög nr. 80 29. júní 2012.²

² J.Johnnsen Jarðatal 1847. bls. 299.

jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök og áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnethnitum ISN 93.

Skipulagsákvæði Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030

Aðalskipulagið er unnið af skipulagssviði Akureyrar og nær yfir tvo reiti íbúðarsvæða ÍB17 og ÍB18. Deiliskipulagsverkefnið sem er í landi Bandagerði er unnið af AVH Arkitektúr-Verkfræði-Hönnun ehf, að beiðni sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar.

Í aðalskipulagstillögunni segir m.a.:

Markmið: Viðhalda skal tengslum við sögu og menningararf með verndunaráætlunum fyrir mannvirki og fornminjar.

Áhersla: Stefna í minjavernd og húsverndarmálum verði hluti af aðalskipulaginu.

Framkvæmd: Unnið skal áfram að fornleifaskráningu á öllu landi Akureyrar og merkingu minja um eldri tíma (t.d. gamlar þjóðleiðir, vörður, gömul landamerki o.fl.) og unnið verði áfram að örnefnaskráningu í bæjarlandinu. Unnið skal áfram að húsaskráningu sem verði stefnumarkandi fyrir deiliskipulag eldri hverfa. Sett verði ákvæði um hverfisvernd á hverfi, húsaðir eða þyrpingar sem bera sérstök einkenni í byggingarsögu Akureyrar. Gerð verði sérstök skrá yfir byggingar og svæði með varðveislugildi ásamt yngri minjum sem tengjast sögu bæjarins þótt þær séu ekki friðaðar, og sett verði ákvæði um hverfisvernd á grundvelli hennar.

Tengsl við sögu og menningu eru mikilvæg fyrir umhverfi bæja og sveita. Skilningur fólks hefur vaknað fyrir því að mikil verðmæti eru oft fólgin í eldri byggð og minjum um búsetuhætti fyrri tíma. Fornleifar hafa menningarsögulegt gildi og rannsóknir á þeim geta varpað ljósi á horfin tímabil og verið innlegg í kennslu á því sviði. Auk þess geta þær haft efnahagslegt gildi í tengslum við ferðaþjónustu. Akureyri vill viðhalda tengslum kynslóðanna við menningarsögulega fortíð sína og uppruna með skráningu og varðveislu fornleifa.

Í skilmálum fyrir svæði ÍB 17 svæði norðan Hörgárbrautar segir: Smágerð íbúðarbyggð frá árunum 1050-1980. Deiliskipulag í vinnslu. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi,

Í skilmálum fyrir svæði ÍB19 svæði norðan Krossanesbrautar segir: Einstök hús, að mestu óbyggt svæði, ódeiliskipulagt. Þétting byggðar, u.þ.b. 150 íbúðir blönduð byggð í einbýlis-, rað- og fjölbýlishúsum. Aætluð skipting e20%, r40%, f40%. Í fjölbýlishúsum skulu vera fjölbreytilegar íbúðastærðir.

Deiliskipulag Holtahverfis norður

Í deiliskipulagslýsingu Holtahverfis norður segir m.a.:

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af Undirhlíð í suðaustri, Hörgárbraut í suðri, Hlíðarbraut og athafnasvæði í Krossaneshaga í vestri, Krossanesbryggju í norðri, strandlengjunni að norðan og iðnaðar- og hafnarsvæðinu við Sandgerðisbót að austan. Stærð svæðisins er 42,3 ha að flatarmáli.

Landfræðilega er svæðið annars vegar klappir og hins vegar mýrar eða slétt grastún þar á milli. Strandlengjan á svæðinu er ein af fáum ósnertum ströndum innan Akureyrarbæjar og hún verður ósnert. Þarna er falleg vík, klettar nánast beint ofan í sjó og lítil strönd, svæði sem kallast Sílabás og Jötunheimar. Frá toppi klappanna er frábært útsýni í allar áttir.

Við suðurmörk svæðisins er nokkurt sléttlendi með stórri matvöruverslun og 5 og 7 hæða fjölbýlishúsum. Norðan við þær byggingar er smá lægð með mýri. Langholt og Krossanesbraut liggja í norð-vesturátt upp þó nokkra hlíð og Langholt liggur í raun upp á klöpp þar sem hæsta húsið er bærinn Hraun. Annars eru húsin við Þverholt og Einholt ásamt bæjunum Sæborg, Lundeyri og Sandgerði byggð á sléttlendi. Sandgerði er efst við brekkuna upp frá smábátahöfninni í Sandgerðisbót.

Í vestari hluta svæðisins er miklar klappir, Kriugerðisklöpp og Grýlan, með einbýlishúsagötunni Hraunholti mitt á milli og þó nokkuð er af trjágróðri á þessum stað. Bensinstöð er á vesturhorni svæðisins á gatnamótum Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar. Eftir Hörgárbraut liggja suð-vestur mörk svæðisins og eftir Hlíðarbraut liggja vesturmörkin að hluta. Hlíðarbraut hlykkjast niður brekku að Krossanesbraut og við þau gatnamót er nokkurt sléttlendi með Sjávarklappir til austurs og Innri-klappir til norðurs. Norður af Sjávarklöppum er mjög brött brekka niður að sjó og þar er falleg lítil vík og klettar, svæði sem kallast Sílabás. Ennþá norðar eru háir klettar þverhníptir í sjó fram. Krossanesbraut liggur beint norður og niður milli kletta og nyrst á svæðinu er brött brekka sem endar í strönd, rétt sunnan við iðnaðar- og hafnarsvæðið á Krossanesi

Skráningarsvæðið

Við þessa fornleifaskráningu er skráð svæði samkvæmt afmörkun deiliskipulags Holtahverfis. Mörk deiliskipulagsins ná nokkuð út fyrir mörf íbúðarreitanna ÍB17 og ÍB18 í aðalskipulaginu.

Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráningu í landi Bandagerðis, sem var gerð 1998.

Sögulegar heimildir Bandagerðis:

Skráning 1998. Ey-294- Bandagerði.

Hjáleiga frá Lögmannshlíð 1712 og þá í eyði (sýnil. tóftir og garðbrot).

Byggðist aftur fyrir 1799 og var þá í samfelldri byggð frá 1816.

Fyrir 1850 eignaðist Þorsteinn Danielsson Lögmannshlíð ásamt B en 1897 kaupir Jón Jónsson B. og var það þá sjálfstætt býli.

Árið 1880 byggðust fyrstu þurrabúðarbýlin í Bandagerðislandi, Glerárholt og Melgerði en 1888 var byggt í Sandgerðisbót.

Á árabílinu 1897 til 1910 voru byggð 14 býli í landi Bandagerðis og bjuggu um 150 íbúar á 20 býlum í Glerárþorpi sem byggðist að mestu úr Bandagerðislandi. Á árunum 1910 til 1930 bættust við um 14 býli og töldust býlin vera 47 árið 1930.

Búskap var hætt í Bandagerði sjálfu 1954 og er nú mestallt landið komið undir íbúðarbyggð.

Landamerki 25.1.1898: ”Að norðanverðu merkin úr steinlímndri vörðu á sjóarhömrum og yst í Krúgerð og þaðan í beina línu vestur í mitt Viðarholtsvik, þaðan að vestan eftir vörðum suður að vörðu sem stendur utan við svokallaðan Merkishól og frá henni beint austur í Glerá. Úr því ræður Glerá merkjum að sunnan niður á neðsta nef eða klöpp sem stendur syðst og austast norðan við ána, þar sem emlarnir teygja sig til norðausturs og þaðan í síki sem liggur neðan við Holtsklöpp og Hengingarköpp og eftir þeirri beinu línu í sjó fram þar sem klappanefin bera saman. Síðan ræður sjór, norður eftir áðurnefndri sementsvörðu á sjóarhömrum.

”Árið 1930 var Bandagerði landrúin jörð að öllu nema túnskikanum kringum húsin sem gaf af sér nálægt þrem kýrfóðrum.” Tryggvi Emilsson: Baráttan um brauðið, 184.

Túnakort hefur ekki verið gert af Bandagerði.

Skráning 2018:

Frekari heimildir um **Bandagerði** hafa ekki komið fram frá skráningunni 1998. Bandagerði sjálft liggur ekki innan skipulagsvæðisins.

Skráning 1998

Ey 294:007 **Byrgi** heimild um bústað 65°41951 N 18°09166 V

“Byrgi var byggt vorið 1898 af Kristjáni Kristjánssyni og bjó hann þar ásamt konu sinni Helgu Þorláksdóttur til ársins 1914. Fékk hann á leigu 50 ferfaðma spildu til jarðræktar og svarðarland er nam 60-70 hestburðum árlega, en aðeins til eigin nota. Byrgi er rétt upp af Sandgerðisbótinni og þar er enn hús með sama nafni.” Það er þar enn. Tekið var fram í leigusamningi Kristjáns að honum væri óheimilt að selja svörðinn, eða farga á annan hátt, KrBj1 og ekki mátti hann taka skepnur í hagagöngu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 18

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -1

Húsið **Byrgi** sem stendur þarna er byggt 1931. Sléttað er í kringum húsið.

Ekki eru merkjanlegar minjar í kringum húsið.

Isnet hnit 93: 541063.6 E 577694.0 N

Skráning 1998

Ey 294:008 **Sandgerði** heimild um bústað.

„Árið 1899 er byggt býli er nefndist Sandgerði. Jón Kristjánsson og Margrét Halldórsdóttir fluttu sig frá Vatnsleysu í Kræklingahlíð og byggðu í brekkunni upp af Sandgerðisbótinni, ef til vill á þeim slóðum sem hið gamla Sandgerði var, sem nefnt er í Jarðabókinni ... Þarna stendur enn hús með sama nafni.” Húsið Sandgerði er austan við Krossanesbrautina.

Hættuma: hætta vegna ábúðar.

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -2

Húsið **Sandgerði** sem nú stendur þarna er byggt 1923. Sléttað er í kringum húsið og ekki neinar minjar merkjanlegar.

Isnet hnit 93: 540947.9 E 577772.0 N

Skráning 1998

Ey 294: 017 **Hvoll** heimild um bústað.

„Hvoll var byggður árið 1905. Á fundi hreppsnefndarinnar 22. mars það ár var Jakobi Sigurgeirssyni frá Rauðhúsum veitt leyfi til að byggja þurrabúð. Jakob og kona hans Pálína Einarsdóttir höfðu þá verið í húsmennssku í Melstað um tveggja ára skeið. Hvoll er nú Stafholt 10” Ekki er vitað hvort þarna var byggt tofhús fyrst þótt líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -3

Húsið **Hvoll** sem stendur á lóðinni Stafholt 10, Akureyri, er byggt 1915.

Ekki eru nein merki um minjar innan lóðar hússins.

Isnet hnit 93: 540899.5 E 577706.4 N

Skráning 1998

Ey 294:018 **Brekka** heimild um bústað

„Brekka, nú Stafholt 16. Ólafur Jakobsson á Varðgjá fékk húsmennskuleyfi í hreppnum árið 1906, en fyrstu árin voru hann og kona hans, Kristbjörg Jónsdóttir til húsa á rishæðinni í Melstað. Brekku munu þau hafa byggt 1908.“ Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þótt líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -4

Húsið **Brekka** sem nú er á lóðinni Stafholti 16 er byggt 1951 Akureyri. Ekki eru nein merki um minjar innan lóðar hússins.

Isnet hnit 93: 540874.4 E 577644.8 N

Skráning 1998

Ey 294:023 **Ás** heimild um bústað

“Ás, þar stendur enn hús með sama nafni*. Jón Gunnlaugsson, bróðir Guðrúnar í Ásbirgi og kona hans, Ingibjörg Sigurjónsson byggðu Ás árið 1914.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þótt líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi. Húsið stendur við Hörgárbrautina, sunnan við Shellnestið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

* Húsið er nú horfið.

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -5

Húsið **Ás** sem stóð við Hörgárbraut var byggt 1914. Það var nálægt Hrauni (Langholti 22b). Húsið var rífið í september 1998 og landið sléttað, en ennþá má sjá trjágróður og runna sem hafa verið í kringum húsið. Gegnum svæðið hefur verið lagður göngustígur til norðurs samhliða Hörgárbraut. Stígurinn liggur einnig í gegnum lóðina til suðauturs á milli húsa sem standa við Langholt.

Merki um minjar þar sem húsið hefur staðið eru ekki merkjanleg.

Isnet hnit 93: 540682.6 E 577641.3 N

Skráning 1998

Ey 294:029 **Hraun** heimild um bústað.

„Hraun (Sund). Á þeim stað sem nú stendur húsið Hraun var byggður bær árið 1916, var hann á manntali það ár nefndur Sunnuhvoll, en síðan er hann nefndur Sund um skeið, en lengst af hefur húsið verið nefnt Hraun. Árni Jóhannesson og Friðrika Ingvadóttir voru fyrstu húsráðendur á þessu bæ.“ Nú Langholt 22b. Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þótt líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 28

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -6

Húsið **Hraun** byggt 1965 er sagt standa við Langholt 22b í skráningunni 1998.

Húsið Hraun er skráð í Fasteignaskrá Akureyrar 2018 sem Langholt 23b.

Ekki eru merki um minjar á lóðinni Langholti 23b.

Isnet hnit 93: 540686.3 E 577670.7 N

Skráning 1998

Ey 294:032 **Steinholt** heimild um bústað

Steinholt er nú nr. 12 við Þverholt. ”Upphaflega var þar torfbær og árið 1918 bjó þar Helga Þorláksdóttir ekkja eftir Kristján Kristjánsson, sem byggði fyrst í Byrgi, bjó hún með börnum sínum, Stefáni og Guðrúnu síðar húsfreyju í Hvoli.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 29

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -7

Húsið **Steinholt** sem nú stendur á lóðinni Þverholti 12, er byggt 1960.

Ekki eru merki um minjar á lóðinni Þverholti 12.

Isnet hnit 93: 540858.1 E 577692.5 N

Skráning 1998

Ey 294: 034 **Holtakot** heimild um bústað.

”Holtakot, nú Þverholt 4. Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Margrét Vilhjálmsdóttir byggðu þar árið 1912. Upphaflega húsið var torfbær, en steinhúsið sem nú stendur þar, var byggt árið 1931.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -8

Húsið **Holtakot** sem nú stendur á lóðinni Þverholti 4 er byggt 1930.

Ekki eru merki um minjar á lóðinni Þverholti 4.

Isnet hnit 93: 540831.2 E 577622.1 N

Skráning 1998

Ey 294:036 **Skarð** heimild um bústað

“Skarð er einnig nefnt í fyrsta skipti á manntalinu 1922 og er trúlega byggt það ár. Þetta var torfbær sem nú er horfinn fyrir allmörgum árum og stóð hann rétt vestan við húsið Langholt 31. Arngrímur Sigurjónsson og Elín Gissurardóttir frá Skjaldarvík voru það fyrstu húsráðendur.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 30

Skráning 2018

Holtahverfi 1918 -9

Húsið **Skarð**. Ekki eru merki um minjar á lóðinni Langholti 31 eða á næstu lóð vestan við sem er Langholt 29.

Isnet hnit 93: 540716.0 E 577768.6 N

Skráning 2018

Holtahverfi 1918-10

Húsið **Sæborg** sem stendur við Glerárholt er byggt 1915.

Húsið hefur ekki verið skráð í skráningunni 1998.

Ekki eru heimildir um minjar á þeim stað sem húsið stendur.

Húsið er talið upp í skrá yfir “Friðlýst, friðuð og umsagnarskyld hús í

Akureyarkaupstað” sem skipulagssvið hefur unnið í tengslum við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

Húsinu verða gerð nánari skil í húsaskráningu sem verður hluti deiliskipulags Holtahverfis.

Isnet hnit 93: 541171,5 E 577682,8N

Niðurstöður

Fornleifaskráningin sem gerð var 1998 liggur til grundvallar að þessari skráningu sem gerð er 2018 vegna nýs aðalskipulags Akureyrar og deiliskipulags Holtahverfis.

Í fyrri skráningunni eru það einingis hús/byggingar sem voru skráð innan þessa afmarkaða svæðis aðalskipulagsins og deiliskipulagsins.

Samkvæmt fyrri skráningu eru húsin sem byggð hafa verið byggð innan afmarkaða lóða og oftar en ekki byggð að því er talið er á sama stað og eldri hús hafa staðið áður, eða innan lóða húsa sem hafa risið síðar.

Vettvangsskoðun ... 2017 leiddi ekki í ljós neinar minjar í landinu umfram það.

Skráð hús:

Byrgi (1918 -1) var byggt vorið 1898. Húsið sem stendur þarna er byggt 1931 og er rétt upp af Sandgerðisbótinni. Þar var áður eldra hús byggt 1898.

Húsið **Brekka nú Stafholt 16,(1918 -4)** var byggt 1906, en ekki vitað hvort það var reist ofan á eldri byggingu. Húsið sem nú stendur á lóðinni er byggt 1951.

Húsið **Hvoll Stafholt 10,(1918 -3)** var byggt 1905 en ekki vitað hvort það var reist ofan á eldri byggingu. Húsið sem nú stendur á lóðinni Stafholti 10, er byggt 1915.

Árið 1899 er byggt býli er nefndist Sandgerði. Húsið **Sandgerði (1918 -2)** sem stendur núna er byggt 1923, og stendur austan Krossanesbrautar.

Húsið **Ás (1918 -5)** var byggt 1914. Húsið hefur verið rífið og götuslóði lagður frá Hörgárbarut að húsinu Lanfgholti 23b og frá því niður í Langholt.

Hraun (1918 -6) upphalega var það bær sem byggður var 1916 sem var nefndur Sunnhvoll, síðan nefndur Sund, en hefur lengst verið nefnt Hraun, og er nú Langholt 23b. Húsið Hraun sem nú er Langholt 22 er byggt 1965.

Steinholt (1918 -7) stendur nú við Þverholt 12. Upphaflega var það torfbær og 1918 var þar búið. Húsið sem nú stendur á lóðinni Þverholti 12 er byggt 1960.

Holtakot (1918 -8) , nú Þverholt 4. Var upphaflega torfbær byggður 1912.

Húsið sem nú stendur á lóðinni er byggt 1930

Skarð (1918 -9) Torfbær nefndur í manntali 1922, Bærinn er horfinn, en stóð rétt vestan við húsið Langholt 31 en lóðin vestan við er húsið Langholt 29. Ekki eru merki um þennan torfbæ í eða við þessar lóðir.

Sæborg (1918 -10) sem stendur við Glerárholt er byggt 1915. Húsið var ekki skráð í Fornleifaskráningunni 1998. Ekki eru heimildir um minjar á þeim stað sem þar sem húsið stendur.

Samantekt á niðurstöðum:

Elstu húsin sem standa innan svæðisins eru friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 nr. 80 29. júní 30. gr. *Verndun annarra húsa og mannvirkja*.

□Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

□Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

□Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.

Þrjú hús falla innan þessara verndunarákvæða um Menningaminjar það eru húsin:

Hvoll (1918 -3) Stafholt 10, byggt 1915.

Sæborg (1918-10) sem stendur við Glerárholt er byggt 1915.

Sandgerði (1918 -2) byggt 1923. Mynd af Sandgerði er á forsíðu.



Hvoll, Stafholt 10



Sæborg

Húsin eru talin upp í skrá yfir “Friðlýst, friðuð og umsagnarskyld hús í Akureyrarkaupstað” sem skipulagssvið hefur unnið í tengslum við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030. Húsunum verða gerð nánari skil í húsaskráningu sem verður hluti deiliskipulags Holtahverfis.

Hús við götur og aldur þeirra húsa innan svæðisins eftir aldursröð:

Af skráðum húsum innan svæðis eru 4 sem standa nú við götu. Húsin eru byggð á árunum 1930 -1965. Það hefur haft í för með sér rask á þeim stöðum þar sem eldri byggingar kunnu að hafa staðið áður, án þess þó að það sé vissa fyrir því. Það eru því minni líkur en meiri á að minjar leynist undir sverði.

Holtakot (1918 -8) nú Þverholt 4.

Húsið sem nú stendur á lóðinni er byggt 1930.

Brekka nú Stafholt 16 (1918 -4).

Húsið sem nú stendur á lóðinni er byggt 1951.

Hraun (1918 -6) Húsið Hraun sem nú er Langholt 23b og er byggt 1965.

Steinholt (1918 -7).

Húsið sem nú stendur á lóðinni Þverholti 12 er byggt 1960.

Horfín hús:

Húsið **Ás** var byggt 1914 (1918 -5) en hefur verið rífið, nú er þarna lítill túnblettur og gegnum hann liggur göngustígur til norðurs nokkuð samhliða Hörgárbraut, annar stígur liggur í austur og fer síðan á milli húsana 21 og 23 niður í Langholt. Ekki eru heimildir fyrir því hvort húsið Ás hefur verið byggt ofan á eldri byggingu. En minjar gætu þó leynst undir sverði ef til jarðraski mundi koma.

Skarð (1918 -9) Torfbær nefndur í manntali 1922, Bærinn er horfínn, en hann stóð rétt vestan við húsið Langholt 31 (byggt 1968) en lóðin vestan við er húsið Langholt 29 (byggt 1963). Ekki eru merki um torfbæ í eða við þessar lóðir, en milli þeirra liggur stígur á milli lóðana að óbyggðu svæði ofan við húsin. Ekki er fyrirsjáanlegt að rask verði á svæðinu á milli húsanna sem er um 13 metrar. Rask hefur væntanlega orðið við byggingu þessa húsa á sjöunda áratugnum.

Hús sem standa ekki við götu þar sem minjar gætu leynst undir sverði:

Húsið **Hvoll** (1918 -3) Stafholt 10 var byggt 1915 var reist á húsi sem byggt var 1905, og ekki er vitað hvort eldri bygging hefur verið þar undir. Við jarðrask í og við húsið gætu minjar leynst undir sverði.

Sandgerði (1918 -2) er byggt 1923 og reist á býli frá 1899 þar gætu minjar leynst undir sverði þótt þær séu ekki sýnilegar í umhverfi hússins. Að því liggur heimreið frá Krossanesvegi, en að húsinu liggja sléttuð tún.

Byrgi (1918 -1) byggt 1931. Byrgi sem nú stendur er reist á húsi sem byggt var vorið 1898.

Að húsinu er aðkeyrsluvegur frá Krossanesbraut og kringum húsið er sléttaður túnblettur. Ekki eru merkjanalegar minjar í kringum húsið.

Akureyrarbær hefur fest kaup á húsinu.

Ef fjarlægja á húsið og nýta landið til skipulags þarf að gæta þess að við jarðrask í og við húsið gætu minjar leynst undir sverði, þar sem heimildir eru um að þar hafi staðið eldra hús áður.

Heimildaskrá:

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

J.Johnsen Jarðatal 1847. bls. 299

Lög um Menningarminjar nr. 80 29. júní 2012.Þingskjal 1610, 140.

löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1 2^l

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998 Fornleifakráning í Eyjafirði X, Fornleifar í landi Akureyrar í norðan Glerár. Bandagerði Bls. 39-49

Forsíðumynd: Mynd efst til vinstri horft til suðaustur yfir landið að Akureyri.

Mynd efst til hægri horft til suður yfir svæðið.

Mynd fyrir miðju húsið Sandgerði byggt 1923.

Ljósmyndir Bjarki Jóhannesson fyrir Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

Kort: Anna Bragadóttir skipulagssviði Akureyrar.

Kort sem sýnir fornleifar á svæðinu

